



Atvinnuveganefnd Alþingis

Sent með tölvupósti.
Reykjavík, 11. desember 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun, 322. mál (151. lögp.)

Tilv. 202012-0009

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis 27. nóvember sl. þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um ofangreint mál. Bændasamtök Íslands hafa farið yfir frumvarpið og gera eftirfarandi athugasemdir.

Bændasamtök Íslands fagna þeim markmiðum sem fram koma í 1. gr. frumvarpsins varðandi áherslu á nýsköpun í landsbyggðunum og eflingu opinbers stuðnings við þann málaflokk. Nauðsynlegt hefði verið að útfæra betur með hvaða hætti að því skuli staðið.

Um 1. gr.

Í sömu grein er einnig fjallað um það markmið „að skýra ábyrgð, einfalda verklag og forgangsraða opinberum stuðningi og þjónustu við atvinnulífið“ og verður ekki hjá því komist að benda á mikilvægi eftirfarandi:

- Að aðgangur allra landsmanna allra að stuðningi við nýsköpunarverkefni verði sem greiðastur.
- Að auknum stuðningi verði fundinn farvegur innan þeirrar umgjörðar sem þegar er fyrir hendi hjá Byggðastofnun, landshlutasamtökum sveitarfélaga/atvinnuþróunarfélögum og Sóknaráætlunum landshluta. Sbr. einnig 9. gr. frumvarpsins.
- Að störf sem til koma vegna aukins stuðnings við nýsköpun í landsbyggðunum, s.s. við ráðgjöf, umsýslu vegna verkefnasjóðs o.fl. verði vistuð í öllum landshlutum í því skyni að auka samlegðaráhrif við aðra atvinnuþróunar- og nýsköpunarstarfsemi, auka skilvirkni og hagkvæma nýtingu fjárveitinga.
- Að ekki verði varið tíma, fé og fyrirhöfn í að byggja upp í nýju félagi í Reykjavík eða um landið, sömu starfsemi og fyrir hendi er nú þegar, með tilheyrandi tvíverknaði og óskilvirkni.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er kveðið á um stjórn þess félags sem ætlunin er að stofna og tilgangi þess lýst í 3. gr. Þar þarf að koma fram hverjir tilnefni aðila til stjórnarsetu. Mikilvægt er að við stjórn félagsins eigi sjónarmið landsbyggða og atvinnulífs sterkar raddir og fulltrúa í stjórn. Ekki



síst vegna þess hve landsbyggðaverkefni hafa borið skarðan hlut frá borði s.s. í fjárveitingum Tækniþróunarsjóðs, sbr. athugasemdir í greinargerð með frumvarpinu.

Í athugasemdum í greinargerð er jafnframt kveðið á um að ráðgert sé að stofna verkefnasjóð, þau áform er þó ekki að finna í texta frumvarpsins svo ekki er ljóst hvort ráðuneytið mun ganga til þess að stofna viðkomandi sjóð eða hvort því verkefni verður frestað eða jafnvel hætt við.


Niðurlag/samantekt

Almennt er jákvætt að færa aukna áherslu á nýsköpun og stuðning við hana um land allt og hluti af verkefnum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands hefur á umliðnum árum skarast nokkuð við verkefni atvinnuþróunarfélaganna o.fl.

Mikilvægt er að vinna nánar að útfærslu þess fyrirkomulags sem lýst er í frumvarpinu. Vel þarf að gæta að því að áherslur atvinnulífsins, frumkvöðla og heimafólks í hverri byggð séu þungamiðja starfsins og verði ekki þungri stjórnsýslu og lélegu aðgengi að bráð. Ef vel tekst til geta þessar breytingar orðið til framfara og verið lyftistöng fyrir margvíslega verðmæta-, þekkingar- og atvinnusköpun um land allt, en ef jafnvægi skortir í umgjörð starfseminnar, verður mögulega til lokað samfélag, þar sem umfjöllun um fræði og kenningar skilar sér ekki út til raunverulegs árangurs.

Bændasamtök Íslands óska eftir því að fá að koma að nánari útfærslu ef unnið verður áfram að stofnsetningu og rekstri verkefnasjóðs. Samtökin telja ekki skynsamlegt að sett verði á fót ný stofnun til að sjá um utanumhald verkefnisins á höfuðborgarsvæðinu heldur þarf að finna þeim farveg innan þeirra eininga sem þegar eru til staðar víða um land. Þannig verður markmiðum sem lýst er í frumvarpinu betur náð.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands



Guðrún Vaka Steingrimsdóttir